



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

**FJÖLPÆTT SAMVINNA VIÐ KÍNA:**

**ORKUMÁL – NORÐURSLÓÐIR**  
**LISTIR – VIÐSKIPTI – FJÖLMÍDLAR**

**SENDINEFND FRÁ HEIMSKAUTASTOFNUN KÍNA**  
**VÆNTANLEG TIL ÍSLANDS**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í gær, fimmtudaginn 9. september, setningarræðu á orkuráðstefnu sem haldin var í sýningarskála Íslands á heimssýningunni í Shanghai. Ráðstefnuna sóttu forystumenn orkumála víða að úr Kína ásamt stjórnendum orkustofnunar landsins sem og kínverskir sérfræðingar. Efni ráðstefnunnar var að kynna reynslu Íslendinga af nýtingu hreinnar orku, einkum jarðhita, sem gæti nýst Kínverjum, með sérstakri áherslu á lagningu hitaveitna í kínverskum borgum og bæjum, sem og með því að loftkælingarkerfi borganna yrðu að einhverju leyti knúin með jarðvarma.

Auk forseta og kínverskra forystumanna fluttu ræður á ráðstefnunni Kristín A. Árnadóttir sendiherra Íslands í Kína, Edda Lilja Sveinsdóttir fulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur og REYST orkuskólans, Þorleikur Jóhannesson fulltrúi Verkís, Guðmundur Þóroddsson forstjóri Reykjavík Geothermal, Magnús Bjarnason fulltrúi Landsvirkjunar, Alexander K. Guðmundsson stjórnarformaður Enex í Kína og Gísli Gíslason hafnarstjóri Faxaflóahafna. Í lok ráðstefnunnar var undirritað samkomulag milli verkfræðifyrirtækisins Verkís og Shaanxi Green Energy.

Í dag og í gær tók forseti þátt í fjölþættri dagskrá. Hann heimsótti Kínversku heimskautastofnunina sem hefur aðsetur í Shanghai og átti þar viðræður um aðstæður og þróun á norðurslóðum, bráðnun íss og opnun nýrra siglingaleiða sem tengja munu Asíu, Evrópu og Ameríku á nýjan hátt. Ísland liggur afar vel við slíkum siglingum. Kínverska heimskautastofnunin gerir út öflugra leiðangra, m.a. hafa fjórir leiðangrar á hennar vegum farið til norðurslóða á undanförunum árum. Fram kom mikill áhugi stjórnenda stofnunarinnar á að vinna með íslenskum vísindamönnum, jöklafræðingum, haffræðingum og öðrum náttúruvísindamönnum. Sendinefnd frá Heimskautastofnuninni kemur til Íslands í byrjun október til að ræða nánara samstarf við íslenska aðila, vísindamenn og sérfræðinga, en sú hugmynd hefur komið fram að næsti leiðangur Heimskautastofnunarinnar til norðurslóða ætti viðdvöl á Íslandi eftir að hafa farið yfir norðurskautið. Í lok heimsóknarinnar var komið á beinu tal- og mynd sambandi við tvo kínverska leiðangra sem nú dvelja á Suðurskautsísnum og ræddi forseti við þá drjúga stund.

Þá hefur forseti Íslands rætt við fjölda kínverskra fjölmiðla, t.d. kínverska ríkissjónvarpið, Xinhua fréttastofuna, International Channel Shanghai, Global Times, China Daily, og 21<sup>st</sup> Century Business Herald auk alþjóðlegra fjölmiðla á borð við Financial Times. Viðtölin hafa einkum snúist um árangur Íslands við nýtingu hreinnar orku, þátttöku íslenskra fyrirtækja og sérfræðinga í nýtingu jarðvarma í Kína, áhrif fjármálakreppunar á Ísland og endurreisn hagkerfisins.

Forseti var viðstaddur opnun fjölþættrar sýningar í dag þar sem listakonan Guðrún Kristjánsdóttir, Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður og Ragnar Axelsson ljósmyndari sýndu verk sín. Á sýningunni veitir Hönnunarmiðstöð Íslands jafnframt innsýn í íslenska hönnun. Sýningin er haldin í Norræna vitanum í Shanghai.

Forseti heimsótti starfsstöð CCP tölvuleikjafyrirtækisins en þar starfa nú um 120 hönnuðir, tölvusérfræðingar og aðrir kunnáttumenn, bæði kínverskir, íslenskir og víðar að úr veröldinni, við að þróa leikinn Eve Online, en fyrirtækið hefur náð góðum árangri á kínverskum markaði á allra síðustu árum. Starfsstöðvarnar í Kína eiga ríkan þátt í hinni miklu sókn CCP á síðustu tveimur til þremur árum.

Forseti heimsótti einnig Hongkou hverfið í Shanghai sem er vináttuhverfi Íslands í tengslum við Heimssýninguna. Þar var sérstök kynning á Latabæ í menningarmiðstöð hverfisins og tók mikill fjöldi skólabarna þátt í æfingum undir stjórn Sollu stirðu og Íþróttarálfisins

Þá flutti forseti ræðu í hádegisverði sem íslenska viðskiptaráðið í Kína og Íslandsstofa efndu til en þar voru margir kínverskir

samstarfsaðilar íslenskra fyrirtækja. Forseti ræddi þar um fjölþætt tækifæri í auknum viðskiptum Íslands og Kína en Kína stefnir, eins og kunnugt er, hraðbyri að því að verða stærsta hagkerfi heims. Forseti var einnig viðstaddur kynningarfundi sem íslensku fyrirtækin Össur og Lýsi efndu til en bæði stefna að því að ná öflugri fótfestu í Kína. Einnig heimsótti forseti rannsókn- og þróunarmiðstöð kínverska símafyrirtækisins Huawei sem starfað hefur með Vodafone og Nova á Íslandi.

*10. september 2010*

*Myndir frá ýmsum þessara viðburða, sem og ræðu forseta á orkuráðstefnunni, má nálgast á vefsetri forsetaembættisins, [www.forseti.is](http://www.forseti.is) eða með því að hafa samband við forsetaskrifstofu.*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).*